

# Fundargerð

## Samrekstur.

Saman til fundar komu fulltrúar Þórshafnar- og Svalbarðshrepps mánudaginn 12. mars 2001 kl. 20:00.

Mættir voru f.h. Svalbarðahrepps Jóhannes Sigfússon og Þorlákur Sigtryggsson, f.h. Þórshafnarhrepps Sigurður Ragnar Kristinsson, Henryr Már Ásgrímsson og Magnús Már Þorvaldsson. Ástæða fundar, samrekstur hreppanna í framhaldi fundar er undirritaður sat með fulltrúum Svalbarðshrepps miðvikudaginn 7. mars s.l.

Fyrir fundi lágu nokkur atriði er ræða þurfti nánar, í upphafi farið yfir stöðu íbúða er falla undir samrekstur og eru skilgreindar sem kennarabúðir: 3 íbúðir, Langholt 4, Pálmholt 9 og Vesturvegur 4a falla út en inn koma Sunnuvegur 5a og 7a, auk þeirra eru þá Hálsvegur 9 og 11, Sunnuvegur 11 og Vesturvegur 4b.

Samkomulag um brunavarnir í Vopnafjarðar-Skeggjastaða- og Þórshafnarhreppi undirritað 2. mars 2001 með fyrirvara um þátttöku Svalbarðshrepps. Á fundinum þann 7. mars lýstu fulltrúar úr hópi Svalbarðshrepps yfir óánægju með framgangsmátann, að þeir væru hreinlega þvingaðir til þátttöku vegna ákvörðunar Þórshafnarhrepps að þeim forspurðum. Þessari skoðun voru Jóhannes og Þorlákur ekki sammála, en Jóhannes hafði þetta að segja:

Umræða fór fram á fundi eftir að Magnús Már yfirgaf fundinn, forsendur eru tæplega til staðar enda kostnaður upp á 8 til 900.000,- pr / ár þeim ofviða. Vilja skoða aðra kosti áður en farin er þessi leið, t.a.m. hvaða leiðir samstarf við Brunamálastofnun geta boðið. Segir Jóhannes ennfremur ákaflega einstaklingsbundið hvernig svona, "apparat" virkar, þó ekki efast hann um hæfni Björns Heiðars. Magnús Már til svars og fer í gegnum samninginn og gerir að umtalsefni slysið við Geysirófu í sl. viku þar sem einn maður týndi lífi sínu. Ástæða samanburðar er þörf á þjálfuðum hópi einstaklinga sem eru reiðbúnir til að leggja á sig starf í þágu samfélagsins og ekki síður þörf á réttum útbúnaði sem viðkomandi hópur kann að nýta. Tól og tæki þurfa að vera til staðar, sérþekking sömuleiðis þó við vonumst til að aldrei þurfi að koma til notkunar. Henryr Már tekur undir með Magnúsi og ítrekar hversu bagaleg staða það er verði menn uppvisir að vankunnáttu.

Jóhannes kveðst fremur vilja greiða verkstjóra Þórshafnarhrepps laun 1-2 mán pr / ár fyrir að stýra slökkviliði en 40% laun á ársgrundvelli eins og samningurinn gerir ráð fyrir. Segir raunar að þátttaka Flugmálastjórnar eins og útlit er fyrir í rekstri slökkviliðs muni gjörbreyta dæminu auk heldur sem sjálfsagt sé að leggja megi töluverðar fjárhæðir í átaksverkefnið, sem stendur í skamman tíma en kostnaður sem þessi til margra ára er Svalbarðshr. ofviða.

Grunnskólamála á dagskrá í ljósi þeirra ákvörðunar Svalbarðshr. að senda ekki börn næsta vetur til Þórshafnar. Oddviti Svalb: Skólanefnd Svalbarðshr. bar upp þá tillögu að senda ekki krakka út eftir f.o.m. næsta hausti. Hingað hefðu ellegar komið 7 krakkar en 1 færi örugglega til Raufarhafnar. Sveitarstjóri lýsti þeirri skoðun sinni að honum þætti miður að ákvörðun lægi fyrir, þó ekki hafi formlegt erindi borist frá hendi sveitarstjórnar Svalb. hrepps. Þó ekki vilji hann bera saman ákvörðun þessa og þá er gætt hefur meðal sveitarfélaga innan Héraðsnefndar Þingeyinga þar sem ákv. sveitarfél. hafa brotið upp samstöðu með því að leita til Akureyrar með vísu þætti en kjósa að vera innan Héraðsnefndar eftir sem áður. Vill Svalbarðshr. ítreka að ákvörðunin sé einungis til eins árs, hópurinn sé óvenju vel samsettur og samstæða mikil. Svalbarðshr. sér fram á að þurfa að

leita sér skólastjóra rétt eins og Þórshafnarhr. og mun Fanney kennari sækja um starfið. Sveitarstjóri greindi frá samtali við kennara / skólastjóra að nafni Gunnlaugur Ólafsson, en auglýsing er birtist í Mogga í gær hefur þannig strax skilað ákv. árangri.

Barnaból ákvörðun liggur fyrir frá hendi sveitarstjórnar Þórshafnarhrepps, að við leikskólann skuli byggt á árinu og húsið gert fokhelt. Sveitarstj. Svalbarðshrepps mun ekki setja sig á móti framkvæmdum, en á sínum tíma keypti hreppurinn sig inn er nemur 2 plássum og mun fyrir sitt leyti samþykkja framkvæmdina.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21:40